

Ár 2021, þriðjudaginn 10. ágúst er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Björgu Ástu Þórðardóttur og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 13/2021:

Framkvæmdastjóri KSÍ
gegn
Knattspyrnudeild UMFG

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:
Framkvæmdastjóri KSÍ
Klara Bjartmarz

Kærði:
Knattspyrnudeild UMFG
Fyrirsvarsmaður: Jón Júlíus Karlsson

II.

Málsatvik:

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 10. ágúst 2021 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar sama dag., skv. 20. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmileg opinber ummæli Sigurbjörns Arnar Hreiðarssonar þjálfara Grindavíkur í mfl. karla., í viðtali sem birtist á vefmiðlunum fótolti.net, þann 28. júlí 2021. Var um að ræða opinber ummæli sem eru að mati framkvæmdastjóra til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og með þeim hafi verið vegið að heiðarleika dómara í leik Fjöltnis og Grindavíkur í Lengjudeild karla, þann 28. júlí sl.

Ummæli sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra eru eftirfarandi:

„Þetta er erfitt, það er bara erfitt að, við erum í smá brekku úrslitalega og það er vont að fara svo og spila 10 á móti 14 hérna í 70 mínútur.“

[...]

„Ég veit það ekki, en ég meina það er erfitt að spila 10 á móti 14, það er bara, það hefur alltaf verið mjög erfitt.“

Í samræmi við grein 20.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál ber að fara með mál, sem framkvæmdastjóri vísar til nefndarinnar á grundvelli 20. greinar, eins og um kærúmál sé að ræða. Greinargerðin framkvæmdastjóra var því send til knattspyrnudeildar UMFG og félaginu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina fyrir kl. 17:00 föstudaginn 6. ágúst 2021.

Á fundi nefndarinnar 10. ágúst 2021 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann 6. ágúst sl. frá Jóni Júlíusi Karlssyni framkvæmdastjóra UMFG. Greinargerðin var skrifuð af Sigurbirni Arnari Hreiðarssyni. Í greinargerðinni kemur eftirfarandi fram:

„Í þessum leik Fjölnir-Grindavík þá fannst mér halla verulega á okkur Grindvíkinga. Mér fannst stór atriði í þessum leik falla gegn okkur Grindvíkingum sem ég tel hafa haft mikla þýðingu fyrir framgang leiksins. Að dómaraatriðið hefði getað tekið aðrar ákvarðanir en það gerði. Með ummælum mínum vakti ekkert annað fyrir mér svona strax eftir leik heldur en að benda á að tríoíð hafi ekki náð sér á strik í þessum leik, eins og margoft gerist í fótboltaleikjum hjá þeim aðilum sem taka þátt hvort sem það eru þjálfarar, leikmenn, áhorfendur eða dómara.“

Það hefur aldrei vakið fyrir mér á mínum ferli að dómara mæti með fyrirfram gefnar skoðanir eða hugmyndir inní leiki sem ég hef tekið þátt í. Allir dómara sem hafa dæmt hjá mér hafa verið og eru mikið heiðursfólk sem dæmir eftir sinni bestu getu hverju sinni og gott að vinna með.

Ef ég hef gefið eitthvað óheiðarlegt í skyn þá er það rangt og aldrei ætlunin frekar heldur en áður þar sem ég hef ekki lagt það í vana minn að tala um dómara. Og bið ég alla sem ég hef mögulega misboðið innilegrar afsökunar, og það verður aldrei of oft kveðið að án dómara er engin leikur.“

III.

Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort framkoma þjálfara mfl. karla hjá Grindavík, Sigurbjörns Arnar Hreiðarssonar, sem vitnað er til í greinargerð frá framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 29. júlí sl., falli undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.“

Með vísan til greinar 1.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skulu félög, iðkendur, forystumenn og aðrir jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.

Að því virtu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli Sigurbjörns Arnar hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummæli Sigurbjörns undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 12.9.e), hefur brot á 20. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 200.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 10. ágúst 2021 að sekta knattspyrnudeild UMFG, um kr. 50.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla Sigurbjörns Arnar.

IV.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild UMFG skal sæta sekt að upphæð kr. 50.000,- til KSÍ.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]